



178. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, föstudaginn 11. nóvember 2010 kl. 16:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Jón Gestur Viggósson, Helgi Sigurðsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 1. varamaður, Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður, Gústaf A. Hjaltason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Gunnar Bragason gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson og Helga H. Magnúsdóttir.

1. Ólympísk verkefni

Friðrik Einarsson greindi frá stöðu og undirbúningi þeirra ólympísku verkefna sem framundan eru.

Leitað hefur verið eftir samstarfsaðilum vegna beinna sjónvarpsútsendinga á opunarhátíð Smáþjóðaleikanna í Liechtenstein 2011. Kostnaður er áætlaður 4500 evrur á hverja þátttökuþjóð. RÚV sér sér ekki fært að taka þátt í þeim kostnaði.

Ekki er fyrirhugað að ÍSÍ taki sjálft þátt í kostnaði við þetta verkefni þar sem grunnkostnaður vegna þátttöku í leikunum verður afar hár. Forseta, gjaldkera og framkvæmdastjóra þó gefin heimild til að skoða möguleika á aðkomu samstarfsaðila að þessu máli.

Svar hefur borist frá Reykjavíkurborg um samstarf og undirbúning vegna Smáþjóðaleikanna sem haldnir verða hér á landi árið 2015. Tekið var vel í erindið og því vísað til framkvæmdastjóra ÍTR.

Undirritaður hefur verið samningur við samstarfsaðila vegna sölu á aðgöngumiðum á Ólympíuleikana 2012. Beðið er eftir undirritun og staðfestingu Alþjóðaólympíunefndarinnar á samkomulaginu.

2. Fjárlög 2011

Forseti skýrði frá fundi með fulltrúum Fjárlaganefndar Alþingis þar sem farið var yfir óskir og áherslur ÍSÍ vegna fjárlaga 2011.

3. Formannafundur ÍSÍ og fundur héraðssambanda

Lögð fram dagskrá Formannafundar ÍSÍ og óformlegs fundar héraðssambanda.

Fundur héraðssambanda mun hefjast kl. 14:00 og Formannafundur kl. 16:30.

Farið var yfir fyrirkomulag og undirbúning.

Á Formannafundinum munu vinnuhópar ÍSÍ um innra og ytra skipulag ÍSÍ kynna starf sitt.

4. Afmælisnefnd ÍSÍ

Örn Andrésson formaður Afmælisnefndar ÍSÍ fór yfir helstu hugmyndir og tillögur að verkefnum í tengslum við 100 ára afmæli ÍSÍ árið 2012. Áhersla verður lögð á

fjölbreytni og aðkomu sambandsaðila ÍSÍ. Reyna á að gera sýnileika ÍSÍ sem mestan á afmælisárinu, með aðstoð sem flestra eininga innan vébanda ÍSÍ. Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með starf Afmælisnefndar. Nefndin mun kynna hugmyndir sínar á Formannafundi ÍSÍ.

5. Íþróttamaður ársins

Sameiginlegt hóf ÍSÍ og Samtaka Íþróttafréttamanna um kjör Íþróttamann ársins 2010 og Íþróttamanna/kvenna séríþróttu ÍSÍ mun fara fram 5. janúar 2011 á Grand Hótel Reykjavík. Óskað hefur verið eftir tilnefningum frá sérsamböndum ÍSÍ.

6. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 177. fundur framkvæmdastjórnar
- Framkvæmdaráðs frá 4.11.2010 og 11.11.2010
- 55. Fundur Almenningsíþróttasviðs frá 7.10.2010
- Lyfjaeftirlitsnefndar frá 2.11.2010
- 2. og 3. fundur Kvennahlaupsnefndar

Ingibjörg Bergrós vakti athygli á því að Kvennahlaup ÍSÍ verður að þessu sinni haldið 4. júní. Erfitt reyndist að finna hentuga dagsetningu fyrir hlaupið m.a. vegna dagsetninga útskrifta úr háskólum landsins.

7. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru.

8. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ verða 9. desember n.k. og 6. janúar 2011.

9. Önnur mál

„Sportið á RÚV“

Framkvæmdastjórn ÍSÍ fagnar nýjum íþróttapaetti RÚV þar sem fjallað er um íþróttir á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt. Skrifstofu falið að koma ánægju framkvæmdastjórnar ÍSÍ á framfæri við RÚV.

Úthlutun úr Afrekskvennasjóði Íslandsbanka og ÍSÍ

Lögð fram tillaga sjóðsstjórnar um sjöttu úthlutun úr sjóðnum. Tillagan samþykkt. Eftirtöldum styrkjum verður úthlutað:

Skíðasamband Íslands, 1 m.kr. vegna landsliðs kvenna á skíðum og þátttöku þeirra á HM sem fram fer í Garmisch í Þýskalandi í febrúar n.k.

Frjálsíþróttasamband Íslands, 1 .m.kr. vegna landsliðsverkefna kvenna á komandi ári.

Fimleikasamband Íslands, 1 .m.kr. vegna þátttöku kvenna og stúlkna á EM í hópfimleikum sem fram fór í Malmö 19.-24. október sl.

Handknattleikssamband Íslands, 1. m.kr. vegna þátttöku kvennalandsliðsins í úrslitakeppni Evrópumóts kvenna sem fram fer í Noregi og Danmörku nú í desember.

Íþróttabing ÍSÍ

Komið hefur í ljós að afar mikilvægur undirbúningsfundur fyrir Ólympíuleikana í London 2012 verður haldinn sömu helgi og áætlað var að halda Íþróttabing ÍSÍ, þ.e. 6.-7. maí nk. Æskilegt væri að bæði framkvæmdastjóri og sviðsstjóri Afrekssviðs sitji þann fund.

Samþykkt að heimila forseta og framkvæmdastjóra að skoða aðrar dagsetningar fyrir þingið.

Ummæli borgarstjóra um skíðasvæðið í Bláfjöllum

Rætt um þau ummæli borgarstjóra í Kastljósi að mögulega yrði skíðasvæðinu í Bláfjöllum lokað til að spara útgjöld borgarinnar. Skíðaíþróttahreyfingin hefur mótmælt þessum ummælum harðlega enda um eitt stærsta útivistarsvæði til frístunda á höfuðborgarsvæðinu að ræða.

ÍSÍ hefur sent borgarráði bréf þar sem þessi ummæli voru hörmuð og mögulegri lokun svæðisins mótmælt.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari